



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍKINGUR LEIKUR MOZART



30. NÓVEMBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikunum er streymt beint í hljóði og mynd á vef hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is.

Áætluð tímalengd verka:

Píanókoncert: 30'

Hetjulíf: 47'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍKINGUR LEIKUR MOZART

Dima Slobodeniouk
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

EFNISSKRÁ

W.A. Mozart

Píanókonsert nr. 24 í c-moll, K. 491 (1786)

Allegro (kadensa: Víkingur Heiðar Ólafsson)

Larghetto

Allegretto (kadensa: Víkingur Heiðar Ólafsson)

Hlé

Richard Strauss

Hetjulíf (Ein Heldenleben), op. 40 (1898)

Hetjan –

Andstæðingar hetjunnar –

Lífsförunautur hetjunnar –

Vígvöllur hetjunnar –

Friðarverk hetjunnar –

Hetjan snýr baki við heiminum og öðlast fullkomnun

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



 @DeltaSierra_1

DIMA SLOBODENIOUK

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Dima Slobodeniouk tók við starfi aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti og listræns stjórnanda Sibelius-hátíðarinnar haustið 2016. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Galísíu en því starfi hefur hann gegnt frá árinu 2013. Hann fæddist í Moskvu og stundaði fiðlunám við tónlistarháskóla borgarinnar og síðar við Sibelius-akademíuna í Helsinki hjá Olgu Parhomenko. Hann lærði hljómsveitarstjórn undir leiðsögn Leif Segerstam og Jorma Panula, auk þess sem hann sótti tíma hjá Ilya Musin og Esa-Pekka Salonen.

Slobodeniouk kemur stöðugt fram með fleiri frábærum hljómsveitum á heimsvísu. Á síðasta tónleikaári stjórnaði hann meðal annars Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Þjóðarhljómsveit Frakklands, Fílharmóníuhljómsveit Helsinki og Finnsku útvarpshljómsveitinni. Í febrúar á næsta ári mun hann stjórna Fílharmóníuhljómsveit Berlínar í fyrsta sinn. Einleikararnir sem hann starfar með eru Íslendingum að góðu kunnir; til dæmis hefur hann nýverið haldið tónleika með Paul Lewis og Baibu Skride, en bæði eru væntanleg hingað til lands snemma á næsta ári, auk þess að stjórna konsertum með Nikolai Lugansky og Yvgeny Sudbin sem báðir léku með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrravetur.

Slobodeniouk er áhugasamur um að starfa með ungu tónlistarfólki og hefur starfað með nemendum við Verbier-hátíðina undanfarin ár. Hann hljóðritar m.a. fyrir sænska plötuforlagið BIS, og hefur til dæmis hljóðritað disk með verkum eftir Sebastian Fagerlund með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar. Hann hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, í mars 2016. Þá var á efnisskránni svíta Sibelíusar úr Ofviðrinu, fyrsti píanókonsert Rakhmanínovs og sínfónía nr. 1 eftir Beethoven.



[@VikingurMusic](#)

UM EINLEIKARANN

Næst má heyra leik Víkings Heiðars með Sinfóníuhljóm-sveitinni á Myrkum músík-dögum í janúar 2018 undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Á tónleikunum leikur Víkingur glæsilegan píanókoncert Hauks Tómassonar sem hlaut frábærar viðtökur bæði í Hamborg og Los Angeles þar sem Víkingur Heiðar flutti konsertinn undir stjórn Esa-Pekka Salonen.

VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson hefur verið íslenskum tónleika- gestum að góðu kunnur síðan hann þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001. Hann er eftirsóttur einleikari og hefur m.a. leikið með hljómsveitinni Fílharmóníu í London, Elbphilharmonie-hljómsveitinni í Hamborg, Los Angeles Philharmonic, dönsku og sænsku útvarphljómsveitunum og Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín. Á næstu mánuðum kemur hann m.a. fram með Toronto Symphony, NHK sinfóníuhljómsveitinni í Tokyo og Þjóðarhljómsveit Eistlands. Á þessu ári hefur hann haldið einleikstónleika í Elbphilharmonie, International Piano Series London, Fílharmóníunni í Kóln, Konzerthaus í Vínarborg, í Eldborgarsal Hörpu, á La Roque d'Anthéron píanóhátíðinni í Frakklandi, MITO í Mílanó, Mostly Mozart í New York og hlotið lofsamlega gagnrýni í blöðum á borð við New York Times, Gramophone, BBC Music Magazine, Le Monde, og The Independent.

Fyrsti diskur Víkings fyrir Deutsche Grammophon-útgáfuna, með píanóverkum Philip Glass, kom út í janúar á þessu ári og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Næsti diskur Víkings fyrir DG kemur út um mitt næsta ár og verður hann helgaður tónlist Johanns Sebastians Bach.

Víkingur er listrænn stjórnandi Reykjavík Midsummer Music og Vinterfest tónlistarhátíðanna. Hann hefur frumflutt sex íslenska píanókoncerta, unnið sjónvarpsþættina Útúrdúr (2012–13) og stofnað útgáfufyrirtækið Dirrindí árið 2009.

Víkingur var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu af Guðna Th. Jóhannessyni í júní á þessu ári. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. fjórum sinnum verið valinn Flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum og hlotið Íslensku bjartsýnisverðlaunin.

Víkingur stundaði píanónám hjá Erlu Stefánsdóttur og Peter Máté, og síðar hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard tónlistarskólann í New York. Hann naut um árabil stuðnings úr Minningarsjóði um Birgi Einarson.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

PIÁNÓKONSERT NR. 24 Í C-MOLL

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var einn mesti píanósnillingur Evrópu á síðustu áratugum 18. aldar. Frá því skömmu eftir að hann fluttist til Vínarborgar 1781 og þar til vorið 1786 var smíði og flutningur píanókonserta eitt helsta viðfangsefni hans í listinni og aðaltekjulind. Hann samdi alls fjórtán konserta fyrir píanóið á rúmum þremur árum; séu gæðin höfð í huga eru þessi afköst nærri því ofurmannleg. Ekki síst þar sem Mozart setti sér hið torvelða takmark að höfða með þessum konsertum til tveggja ólíkra áheyrendahópa í senn: annars vegar atvinnutónlistarfólks og vel kunnandi áhugamanna, hins vegar hirðfólks sem almennt var lítt kunnandi í tónlist og hafði takmarkaða þolinmæði gagnvart nýstárlegum uppátækjum. Að þóknast báðum var hægara sagt en gert. Í bréfi til föður síns segir Mozart meðal annars um konsertana K. 413–415: „Þeir feta góðan milliveg milli þess sem er of einfalt og þess sem er of flókið; þeir eru glæsilegir, geðjast eyrunum vel, og eðlilegir án þess að vera ódýrt kveðnir. Það eru kaflar hér og hvar sem aðeins hinir vel kunnandi geta notið til fulls, en þessir kaflar eru skrifaðir þannig að jafnvel hinir minna lærðu geta ekki annað en glæðst yfir þeim, þótt þeir viti ekki af hverju.“

Í konsertinum í c-moll gerir Mozart þó meiri kröfur til hlustenda sinna en almennt tíðkaðist í þessari grein. Það var sjaldgæft á klassíska skeiði tónlistarsögunnar að semja einleikskonserta í moll; Mozart samdi aðeins tvo (af 41) og Beethoven einn (af 8). Konsertar áttu almennt að vera líflegir og uppörvandi, í takt við bjartsýnisskeið upplýsingarinnar. Í c-moll konsertinum er málað með dekkri litum og margt óvenjulegt ber fyrir eyru strax í upphafstöktunum. Verkið hefst með örveiku einradda stafi sem í fyrstu ellefu tóktunum spannar alla tólf krómatísku tónana; sagt hefur verið að krómatíkin í upphafsstefinu einu saman hefði nægt Gluck í heila óperu. Hægi kaflinn er angurvær og hefst með einföldu stafi sem þó hefur sérkennilega breitt tónsvið; lokakaflinn er eins konar mars með sex tilbrigðum og niðurlagi. Athygli vekur að Mozart sveigir ekki yfir í dúr í lokatöktunum, eins og almennt tíðkaðist þegar samið var í moll, og eins og hann hafði sjálfur gert í konsertinum í d-moll K. 466 ári fyrr. Dökkir tónar eru allsráðandi allt fram að lokataktinum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Svo virðist sem Þórunn

Jóhannsdóttir (síðar

Ashkenazy) hafi fyrst leikið

píanókonsert í c-moll eftir

Mozart á tónleikum á Íslandi, í

Austurbæjarbíói í ágúst 1948.

Hún var þá aðeins níu ára gömul

en hafði vakið mikla athygli fyrir

tónlistargáfur sínar og lék faðir

hennar, Jóhann Tryggvason,

hljómsveitarpartinn á annan

flygil. Jón Nordal flutti

konsertinn svo fyrstur manna

með Sinfóníuhljómsveitinni,

á tónleikum í Þjóðleikhúsinu

í nóvember 1953. Síðan hafa

leikið konsertinn með Sí þau

André Tchaikowsky (1968),

Evelyne Crochet (1970),

Vladimir Ashkenazy (1975),

Anna Guðný Guðmundsdóttir

(1988), Kalle Randalu (1995),

Anna Málfríður Sigurðardóttir

(1999), Viktoria Postnikova

(2009) og Juho Puhjonen

(2012).

Mozart lagði lokahönd á konsertinn í Vínarborg 24. mars 1786 og frumflutti hann á tónleikum sínum í Burgtheater tveimur vikum síðar. Af viðtökum áheyranda fer engum sögum en kannski er það til marks um dræmar undirtektir að þetta voru síðustu tónleikarnir sem Mozart stóð fyrir í þessu helsta tónleikahúsi borgarinnar. Héðan í frá reyndist honum örðugra að selja verk sín til útgáfu, óperupantanir bárust seint og illa og innan skamms var hann kominn í verulegar fjárhagskröggur. Þótt Mozart hafi verið á hátindi ferils síns vorið 1786 stefndi hann enn hærra, og þótt tónlist hans hljómi þægilega í eyrum í dag má ekki gleyma því að hinir nýstárlegri þættir hennar reyndust mörgum samtímamönnum hans hreinlega ofviða. Einn samtímamaður hans drakk þó í sig þessa nýju nálgun við tónlistina: Ludwig van Beethoven. Líklega er það engin tilviljun að tóntegundin c-moll skuli vera áberandi í verkum hins síðarnefnda og um áhrif píanókonsertsins K. 491 á tónköpun Beethovens þarf ekki að fjölyrða. Þegar hann heyrði konsertinn í fyrsta sinn er sagt að hann hafi haft á orði: „Við eigum aldrei eftir að geta gert nokkuð þessu líkt!“



RICHARD STRAUSS

EIN HELDENLEBEN

Nítjándi öldin var tími einstaklingsins. Listaverkið sjálft og egó listamannsins sem skapaði það urðu órjúfanleg heild, og sjálfsævisöguleg tónlist varð til í fyrsta sinn. Berlioz lýsti misheppnuðu ástarævintýri sínu í *Symphonie fantastique*, Smetana túlkaði heyrnarleysi sitt í strengjakvartett nr. 1, innra tilfinningalíf Schumanns speglaðist í ótal píanóverkum hans. Tónskáldið var bæði sögumaður og hetja; listsköpunin veitti útrás bæði fyrir innri tilfinningar og persónulegan metnað á sviði listarinnar.

Richard Strauss (1864–1949) hóf feril sinn sem óperutónskáld, en ópera hans *Guntram* þótti ófullkomin og því sneri hann sér að hljómsveitarverkum í staðinn. Hann samdi ekki hefðbundnar sinfóníur eins og samtímamaður hans Gustav Mahler, heldur tónaljóð sem segja einhvers konar sögu: *Don Juan* (1888), *Dauði og umbreyting* (1889), Ævintýri Ugluspegils (1895), *Svo mælti Zarapústra* (1896), *Don Kikóti* (1897) og loks *Hetjulfif* (*Ein Heldenleben*, 1898). Að því loknu sneri Strauss sér aftur að óperum en samdi tvö stór hljómsveitarverk til viðbótar nokkru síðar, *Heimilissinfóníuna* (*Sinfonia domestica*) og *Alpasinfóníuna*.

Söguhetjan í *Hetjulfif* er Richard Strauss sjálfur. Þegar hann samdi verkið var hann á hátindi ferils síns, 34 ára gamall og fullur sjálfstrausts, nýráðinn aðalstjórnandi við hirðóperuna í Berlín. Hugmyndir Nietzsches um ofurmennið voru honum auðvitað vel kunnar og hann hafði þegar sótt þangað innblástur við smíði *Svo mælti Zarapústra*. Strauss á að hafa sagt, í gríni þó, að honum þætti hann sjálfur ekkert ómerkari persóna en Sesar eða Napóleon.

Hetjan stígur fram á sjónarsviðið strax í fyrsta takti. Hún er hástemmd og ástríðufull, og tóntegundin er Es-dúr. Það er síður en svo tilviljun. Strauss vísar hér í *Eroica*-sinfóníu Beethovens – Hetjuhljómkviðuna – bæði hvað varðar tóntegund og tónbyggingu stefnsins. Eftir glæsilegan inngangskafila beinir Strauss sjónum sínum annað. Blásarar leika sérkennilegar hendingar, ljótar, ósamtaka og stefnulausar. Þetta er lýsing Strauss á öfundarmönnum sínum og gagnrýnendum, og sjaldan hefur nokkurt tónskáld komið fram hefndum á jafn áhrifaríkan hátt. Til að fullkomna verknaðinn skrifar Strauss í nóturnar orð til leiðbeiningar flytjendunum á borð við „beitt“, „særandi“ og „önulega“.

Því næst stígur einleiksfíðla fram í sviðsljósið og tákna hún Pauline, eiginkonu tónskáldsins/hetjunnar. „Hún er flókin manngerð“, sagði Strauss um konu sína, „*très femme*, dálítið þverúðug, daðurgjörn, aldrei söm við sig, heldur skiptir um ham frá einni mínútu til hinnar næstu“. Þegar einleiksfíðlan dregur sig í hlé tjáir hetjan henni ást sína, og hér hljómar einhver stórfenglegasta tónlist sem Strauss samdi um ævina. En óvinirnir leynast víða og hetjan býr sig undir bardaga. Trompetar blása til orrustu sem lýkur vitaskuld með afgerandi sigri hetjunnar. Hetjustefið snýr aftur, glæsilegra en nokkru sinni fyrr.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ein Heldenleben hljómaði fyrst á Íslandi í Laugardalshöll árið 1972, á tónleikum Sænsku útvarpshljómsveitarinnar undir stjórn Sixtens Ehrling. Verkið hefur tvisvar sinnum heyrst í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, árið 1993 undir stjórn Petris Sakari og árið 2004 undir stjórn Rumons Gamba.

Þá tekur við óvenjulegasti kafli verksins, *Fríðarverk hetjunnar*. „Ég hef auðvitað aldrei tekið þátt í raunverulegum bardögum“, skrifaði Strauss til útgefanda síns hálfri öld síðar, „svo mér fannst framlag mitt til fríðar helst geta verið mín eigin tónverk.“ Hér fléttar Strauss saman stef úr öllum helstu verkum sínum fram til *Hetjulífs* og áheyrendur sem þekkja til tónaljóða hans ættu að kannast við brot úr *Don Juan*, *Ugluspegli* og *Zarapústra*, svo aðeins nokkur séu nefnd.

Enn minna óvinir á nærveru sína og hetjan bregst ókvæða við (*wütend*, skrifar Strauss í fiðluröddina, „æfur af reiði“). Smám saman róast hann og dregur sig í hlé frá skarkala heimsins. Upphaflega átti verkinu að ljúka ofurveikt. Þegar Strauss sýndi nóturnar gömlum skólabróður sínum brást sá ókvæða við: „Richard, ekki enn einn *pianissimo* endir! Það halda allir að þú kunnir ekki að láta verk enda *forte!*“ Strauss tók sig til og samdi nýtt niðurlag fyrir blásara, sem vex upp í *fortissimo* en deyr síðan smám saman út.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

30. NÓVEMBER 2017

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Vera Panitch
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Pascal La Rosa

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ingrid Karlsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Margrét Hjaltested
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Borgar Magnason
Valur Pálsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad
Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Helga Björg Arnardóttir
Baldvín Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Leendert Booyens
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Martin Schöpfer
Antonio Adriani
Rakel Helgadóttir
Sturlaugur Jón Björnsson
Guðmundur Andri Ólafsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson
Baldvín Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TENÓRTÚBA

Matt Van Emerik

TÚBA

Benjamin Ordaz

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Pétur Grétarsson
Ólafur Hólm Einarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



AÐVENTA OG NÝÁR HJÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINNI



AÐVENTUTÓNLEIKAR – BACH OG MOZART 7. DES. KL. 19:30

Sally Matthews er ein eftirsóttasta sópransöngkona heims. Hún hefur meðal annars sungið á tónlistarhátíðinni í Salzburg, við Covent Garden og Vínaróperuna, og með Berlínarfilharmóníunni undir stjórn Simons Rattle. Á Aðventutónleikunum syngur Sally m.a. aríu greifynjunnar úr *Brúðkaupi Fígarós* og hið sívinsæla *Exsultate, jubilate* eftir Mozart. Hljómsveitarstjóri er Jonathan Cohen, einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Á tónleikunum má einnig heyra *Parísarsinfóníu* Mozarts auk hljómsveitararvítu Bachs nr. 3 sem hefur að geyma hina ægifyggu „Aríu á G-streng“.



JÓLATÓNLEIKAR 16. & 17. DES. KL. 14:00 & 16:00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabíl notið gifurlegra vinsælda meðal hlustenda á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum eru sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist allsráðandi. Að vanda kemur fram fjöldi góðra gesta með hljómsveitinni sem trúðurinn Barbara kynnrir til leiks. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson og verða tónleikarnir túlkaðir á táknmáli.



VÍNARTÓNLEIKAR 4., 5. & 6. JANÚÁR 2018

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Nokkur af djásnum valsakónsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að *Leðurblökunni* og lýkur á *Dónárvalsinum*. Einnig hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar í meðförum Valgerðar Guðnadóttur og Kolbeins Ketilssonar og dansarar ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ. Hljómsveitarstjóri er Karen Kamensek.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.

Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á, Pálína valdi fíðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systurum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fíðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4., 5. OG 6. JANÚAR 2018

VÍNAR TÓNLEIKAR

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

